



MATARSÓUN

Ætlað leikskólabörnum

Vormisseri 2017

Raunvísindi í nám og leik

Aðalheiður Jóhanna Hjartardóttir

Dröfn Traustadóttir

Svala Erlendsdóttir

Tinna Líf Baldvinsdóttir

Ögmundur Jónsson

Kennari: Brynhildur Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	21
Markmið kennsluáætlunar.....	22
Kennslustund 1	66
Kennslustund 2	77
Kennslustund 3	88
Kennslustund 4	88
Kennslustund 5	99
Kennslustund 6	99
Kennslustund 7	99
Kennslustund 8	1010
Kennslustund 9	1010
Kennslustund 10	1010
Samantekt - Ígrundun	1111
Uppskriftir:.....	1111
Myndir	1212
Heimildarskrá.....	1515

Inngangur

Matarsóun varð fyrir valinu í þessu verkefni. Matarsóun er allt of mikil hér á landi eins og annarstaðar í hinum vestræna heimi. Talið er að þriðjungur matar sé sóað í veröldinni og gæti það magn fæðu stöðvað þá hungursneyð sem er í heiminum ef hann væri nýttur betur. Ónýttur matur gerir ekkert fyrir umhverfið ef honum er hent, er þá bara meira sem þarf að urða og myndast meira sorp. Það er mikilvægt að kynna börnum á leikskólaaldri hvaða afleiðingar matarsóun hefur og fá þau til að öðlast þekkingu á mikilvægi þess að flokka, urða og minnka matarsóun svo þau geti farið inn í lífið með opnari hug fyrir umhverfinu sínu og náttúru.

Markmið kennsluáætlunar

Matvælastofnun sameinuðu þjóðanna áætla að um þriðjungur matar sem keyptur er endi í ruslinu, mikið af því er matur sem gæti nýst. Matarsóun hefur neikvæð áhrif á umhverfið því matur sem er ekki nýttur þjónar ekki tilgangi sínum og offramleiðsla á mat hefur neikvæð umhverfisáhrif, bæði í framleiðslu og sem rusl. Einnig er matarsóun fjárhagsleg byrði á fjölskyldur og fyrirtæki, ef miklu magni af mat er hent, þá er verið að kaupa of mikið af honum. Minnkun á matarsóun getur haft jákvæð áhrif bæði fyrir umhverfi og samfélag en aðeins ef fólk er tilbúið að fræðast um matarsóun og hvaða breytingar það þarf að gera til að minnka matarsóun.

Með því að kynna matarsóun á leikskólastigi þá erum við að kynna þetta mikilvæga málefni á því stigi þar sem hugur barna er hvað mest móttækilegur og auðvelt að skapa venjur sem hafa góð áhrif á umhverfið og stuðlar að sjálfbærni. “Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.” (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 44).

Leikskólinn er eitt fyrsta samfélagið sem börn verða partur af (fyrir utan fjölskyldu) og finnst okkur mikilvægt að börn byrji snemma að skilja hvernig við höfum áhrif á umhverfið og gera það að eðlilegum parti af lífi þeirra.

Markmið okkar er að kynna matarsóun fyrir börnum á spennandi og fjölbreyttan hátt og til þess ætlum við að hafa mikla verkefnavinnu sem fer bæði fram innan og utan leikskóla þar sem börnin fá að vera þátttakendur í því að sporna við matarsóun og láta þau finna að þau eru að gera breytingar til góðs. Einnig notum við umræðutíma til að fá börnin til að hugsa um áhrif þess á umhverfið og finna eigin lausnir til að minnka matarsóun.

Miðað er við að verkefnið taki tvær til þrjár vikur og hafa kennarar frjálsar hendur með aðra tímasetningu, hvenær í vikunni verkefnið er tekið fyrir og eins hve langur tími í hvert skipti. Gaman væri ef kennari hefur tök á því að taka myndir af starfinu og safna þeim saman í rafrænt albúm sem foreldrar hefðu aðgang að til að geta tekið það með sér heim í lokin og rætt við fjölskylduna og sýnt þeim hvað þau hafa verið að vinna þessar 10 kennslustundir.

Kennslu- stundir	Tímaverkefni	Markmið
1. Kennslu- stund	Hvað er matarsóun? Börnin læra um kolefni og kolefnisjöfnun	Upplýsingar um matarsóun, ræða mengun og rekja ferlið þar til það endar á disknum.
2. Kennslu- stund	Vigta matinn og ræða hvað væri hægt að gera til að minnka matarsóun. Gera hugarkort út frá hugmyndum barnanna, (sjá hvort börnin á deildinni geti hent í sérstakan dall fyrir sína deild). Búa til grunn að súluriti. Mælingar og súlurit. Hugarkort.	Hvað er hægt að gera með matarafgangana? Hvað getum við gert til að henda minna af mat. A.t.h. hér eftir á að vigta matinn á hverjum degi. Í þessum tíma er gert súlurit og línurit sem notað verður á hverjum degi og svo í umræður í síðasta tímanum. Teikna skal inn í súlurnar þyngd matvæla sem hent var. Ef það gefst tími væri gaman fyrir börnin að gera hugarkort með aðstoð leiðbeinanda.

		https://is.wikipedia.org/wiki/Hugarkort
3. Kennslu- stund	Setja upp kassa fyrir moltugerð. Börnin hjálpa til við gerð moltukassa. http://www.gardheimar.is/fraedsla/no-rdinn/nanar/5159/safnhaugskassar-og-jardgerdarkassarmoltukassar	Hvað er molta? Sýna myndband: Peppa pig https://www.youtube.com/watch?v=8PElbErayZg Fara í kolefnisjöfnun og sjálfbærni
4. Kennslu- stund	Fá brauðafanga og gera rasp til að gefa fuglunum.	https://graenifroskurinn.wordpress.com/2013/12/05/braudrasp/ Leiðbeiningar til að gera rasp. Ræða hænsna og svína fóður
5. Kennslu- stund	Taka brauðið/raspið og fara í göngutúr og gefa fuglum.	Leyfa börnunum að taka það sem þau hafa gert með matarafanga og nýta það.
6. Kennslu- stund	Ræða um mikilvægi nýtingu matar, flokkun á rusli og almenna endurvinnslu.	Markmiðið hér er að reyna að fá þau til að tengja þetta námsefni við fleiri og víðtækari flokkanir.
7. Kennslu- stund	Munur á ljótum mat og skemmdum mat. Bakstur.	“Ljótan” banana er hægt að nýta í brauð, boost og fleira, súra mjólk er ekki hægt að nýta. Grænmeti er hægt að nota í súpur og ávexti í boost. Frysta mat. Mat sem er að verða útrunninn er hægt að elda strax og frysta svo til að nota seinna. Hérna væri gott ef hægt væri að baka með

		börnunum í leikskólanum, nota afgang af hafragraut og gera lummur og taka "ljóta" banana og búa til banana brauð.
8. Kennslu- stund	Umræðutími. Börnin fá að kíkja ofan í flokkunartunnurnar og fá að endurraða ofan í þær.	Hérna væri gott að taka stöðuna með umræðu og fá börnin til að segja frá hvað þau hafa verið að gera heima og í leikskólanum í sambandi við matarsóun. Ræða um flokkunartunnurnar og fá að skoða þær.
9. Kennslu- stund	Fara í vettvangsferð í verslun og sjá matarsóun í búð.	Núna fara börnin í búð og sjá hvað verslanir gera við útrunninn mat, beyglaðar dósir, krumpaða pakka. Spyrja þar hvort verið sé að minnka matarsóun eins og sumar verslanir gera, selja vörur ódýrt sem komnar eru nálægt síðasta söluðegi eða umbúðir gallaðar.
10. Kennslu- stund	Loka vigtun og umræður um súlurit og línurit.	Klára verkefnið og skoða hversu mikil áhrif börnin hafa haft á matarsóun, bera saman hversu mikið af mat var hent við byrjun verkefnis og við lok þess. Rifja síðan upp með börnunum hvað þau hafa verið að gera til að minnka matarsóun.

Kennslustund 1

Kennari ræðir við börnin hvað matarsóun gerir við umhverfið (t.d. rusl skapar mengun, ef miklum mat er hent þá þarf að kaupa meiri mat) og mikilvægt er að byrja að kynna fyrir börnunum hvað kolefni eru (útskýra á hátt sem er skiljanlegur fyrir þennan aldur) og hvernig kolefni myndast við matarsóun, hvernig það myndast á ruslahaugum og ef það þarf að kaupa meiri mat, þá þurfa fleiri bílar að koma með matinn sem mengar meira. Hægt er að gera það með því að setja upp plaggat og fá börnin til að lita og klippa hringrásina t.d. mörg tré, bíl, flugvél, skip, dýr, hús og fleira til að sýna þeim hvað gefur frá sér koltvísýring og hvað býr til súrefni, t.d. útskýra og reyna að hafa það sýnilegt að úr bílnum kemur koltvísýringur og tré andar að sér koltvísýringi og skilar frá sér súrefni og við lífverurnar öndum að okkur súrefni o.s.frv. Þetta er sett upp í hringrás sem sýnir hvernig þetta tengist.

Síðan spyr kennarinn börnin hvernig þau geta minnkað matarsóun hjá sér og hvað aðrir í leikskólanum geta gert til að minnka matarsóun. Kennarinn reynir þá að stýra umræðunni í áttina að matarvenjum í matartíma (t.d. ekki setja meira á diskinn en þú getur borðað, minni skammtar á diskinn og fá sér meira ef þau eru ennþá svöng).

Kennarar á deildinni reyna síðan að framfylgja þessu í matartímum, minna börnin á samræðuna sem þau áttu um matarsóun.

Í gegnum umræðuferlið er mikilvægt að börnin komist að þessari niðurstöðu sjálf um hvað skal gera varðandi matarsóun svo þau geti tileinkað sér hugmyndirnar og til að börnunum finnist þau vera að framkvæma eitthvað sem þau hafa skipulagt.

Til að gera þetta þarf kennarinn að spyrja leiðandi spurninga (hvað getum við gert í matartíma til að henda minni mat?) og skrá niður hugmyndir þeirra, sérstaklega ef barn kemur með hugmynd sem er ekki partur af þessari námsáætlun.

Markmið fyrsta tímans er að vekja áhuga barnanna á matarsóun og kynna hana vel fyrir börnunum og kynna fyrir þeim hvað kolefni er og hvernig matarsóun er hluti af kolefnismyndun og fá börnin til að ræða um hvað er hægt að gera til að minnka matarsóun.

“Börn kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna.”

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 44).

Kynningar-myndband fyrir kennara:

<http://www.matarsoun.is/default.aspx?pageid=26d48a16-0248-11e6-b096-00505695691b>

Kennslustund 2

Kennari sækir fötur sem matarafgangar hafa verið settir í (allur matur sem börnin hentu eftir hádegismat) og vigtar matinn með börnunum. Inn á súluritið er skráð hvað var í matinn svo börnin sjái hvaða mat er helst hent og af hvaða mat eru minni afgangar. Gaman væri líka að klippa út myndir úr matarblöðum og tímaritum til að líma inn á súluritið. Eftir það er haldin samverustund þar sem kennarinn ræðir við börnin um það af hverju þau halda að matnum hafi verið hent. Gera hugarkort í kjölfarið út frá hugmyndum barnanna um einnig er hægt fyrir krakkana að vigta hluti af deildinni og merkja inn hluti sem voru jafnpungir og því sem var hent (matarsóun í dag var jafnpung og 10 dótabílar t.d.)

Út frá umræðunum viljum við að matarsóun, nota einn lit og svo annan í enda verkefnis til að sjá hvað hefur bæst við þekkingu. Í Aðalnámskrá leikskóla segir að í námi um sjálfbærni þurfi að skapa samábyrgt samfélag þar sem einstaklingar eru virkir og meðvitaðir um gildi og viðhorf gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnrétti jarðarbúa, náttúru og umhverfi. Í þessu verkefni er vel hægt að tengja við Aðalnámskrána og með því að kynna matarsóun fyrir börnunum í byrjun, fléttum við fleiru inn í verkefnið sem tengist sjálfbærni. Gott er að byrja á matnum þar sem hann er sýnilegur og þau borða oft á dag vinna því við verkefnið oft sem er góð áminning. Í hugarkortinu eru lýðræðisleg vinnubrögð þar sem allir hafa rödd og fá að segja það sem þau vita og dettur í hug að gera og þar kemur námið inn á lýðræði og mannréttindi þar sem einstaklingar taka þátt í mótun samfélagsins og nota gagnrýna hugsun til að útfæra hugarkortið (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls 18-19). Í þessum tíma er súlurit útbúið og línurit sem notað verður í umræðum í síðasta tímanum.

Súluritið:

X ás eru dagarnir og Y ás er þyngd matvæla sem hent er. Gerð er súla fyrir hvern dag og nær hún eins hátt upp og kílóin voru mörg sem hent var. Þyngdin er merkt inn á Y ásinn í hundrað grömmum þar sem við búumst ekki við að mörgum kílóum verði hent.

Þegar súluritið er gert þá taka börnin þátt í að gera súluritið, kennari mælir á blaði hversu stór súlan er og börnin klippa súluna út og teikna súluna, síðan skrifa þau þyngdina við hverja súlu með leiðbeiningu kennara.

að myndist svokallað hugarkort <https://is.wikipedia.org/wiki/Hugarkort>.

Kennslustund 3

Hægt er að byrja tímann á því að sýna þeim myndband af Peppa pig þegar hún lærir um moltun <https://www.youtube.com/watch?v=8PElbErayZg>. Myndbandið er á ensku en hægt er að útskýra um hvað það er og svo nánari útskýringar eftir sýningu og svara spurningum og hefja umræður um moltun. Hægt er að gera markmið með börnunum að þegar mold hefur myndast úr ruslinu þá ætla þau að nota moldina til að gróðursetja tré og þar með að stuðla að því að koma jafnvægi á kolefnisjöfnunina. Hægt að útskýra fyrir þeim að þegar við öndum að okkur lofti þá tökum við súrefni og öndum frá okkur koltvísýringi, trén anda að sér koltvísýringi og gefa okkur í staðinn súrefni, þess vegna er mikilvægt að við gróðursetjum nóg af trjám til að halda þessu jöfnu. Hérna væri líka hægt að kenna börnunum um sjálfbærni t.d. gefum við hænum matarafganga og fáum egg í staðinn. Við fáum mat af trjám, runnum, upp úr jörðinni í staðinn til að halda þessari þróun áfram ætlum við að planta trjám, setja niður kartöflur eða eitthvað svipað.

“Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.” (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls.18)

Í lok tímans er hægt að fara út að undirbúa moltukassann og sýna börnunum hvernig á að undirbúa botninn með því að finna greinar til að setja í botninn og inn á milli matarafganga.

Kennslustund 4

Kennarar búa til rasp með börnunum til að gefa fuglum að borða. Kennarar geyma afganga af brauði þangað til það verður hart og gera rasp úr því í matvinnsluvél. Þegar raspið er tilbúið þá fer kennari með börnin í göngutúr á stað þar sem gætu verið fuglar og leyfir börnunum að dreifa raspinu til að gefa fuglunum að borða. Einföld leið til að gera rasp:

<https://graenifroskurinn.wordpress.com/2013/12/05/braudrasp/>

Hugsunin við að gera rasp úr gömlu brauði er sú að rasp nýtist betur sem fuglafóður og skilur ekki eftir stóra bita af brauði í umhverfinu ef eitthvað af bitunum er ekki borðað af fuglum.

Þetta er einnig tækifæri til að taka verkefnið út fyrir leikskólann og sýna börnunum leið til að

nýta matarafganga. Ef mikið rasp er afgangs þá er hægt að nota það í eldhúsinu þegar næst verður steiktur fiskur með raspi svo dæmi sé tekið.

Hægt að segja börnunum að svínafóður og hæsnafóður er mestmegnis matar afgangar.

Kennslustund 5

Kennslustund 5 er hugsuð sem beint framhald af kennslustund 4. Þarna fá börnin að nýta það sem þau hafa unnið með matarafganga. Verkefnið er að fara í göngutúr á svæði þar sem kennarar vita að fuglar eru, börnin dreifa brauðinu/raspi á svæði og vonandi sjá þau fuglana borða það, ef ekkert sést til fugla er hægt að koma seinna og sjá hvort brauðið/raspið sé farið.

Hugsunin hér er að kynna fyrir börnum að nota hliðarafurðir í stað þess að henda þeim. Þegar börnin fara í göngutúr til að gefa fuglunum rasp þá er hægt að fara með allan annan matarafgang líka og skoða hvað það er sem fuglarnir vilja borða og hvað þeir skilja eftir. Ef þetta er gert að vetrarlagi þegar snjór er yfir þá er líka hægt að athuga hvort það eru spor í snjónum og skoða þau vel og athuga hvort þar séu smáfuglaspor eða stór eins og eftir hrafna, skoða hvort séu músaspor eða kattaspor og velta því upp hvort og hvað mýsnar eru að borða og hvort kettir vilji borða matarafganga (eða hvort þeir vilji borða fuglana sem eru að fá sér að borða).

Kennslustund 6

Hér verður umræða um flokkun og mikilvægi nýtingar á mat, flokkun á rusli og almenna endurvinnslu. Leiðbeinandinn/kennarinn reynir að leiðbeina með umræðum um mikilvægi nýtingar á matnum, og hægt er að fara í aðeins víðari samhengi hérna, þ.e.a.s. af hverju erum við að endurvinna, flokka og passa upp á landið okkar? Markmiðið hér er að reyna að fá þau til að tengja þetta námsefni við fleiri og víðtækari flokkanir, t.d. þegar mamma eða pabbi eru að þvo mjólkurfernu til að setja í bláu tunnuna þá gætu börnin farið að hugsa um flokkun, endurvinnslu og matarsóun.

Kennslustund 7

Í dag væri gaman að ræða við börnin um það hvort þau búi til boost heima hjá sér og hvað þau nota í það. Ef við eigum ávexti og grænmeti sem er að verða ljótt og ógirnilegt, þá er

hægt að frysta það og nota seinna í að gera boost. Þessi tími er tilvalinn til að gera boost með börnunum og sjá hvort þeim þyki það ekki girnilegt sérstaklega þar sem þau eru sjálf að búa það til. Síðan væri gott að ræða við börnin um nýtingu á mat, bakstur á brauði úr afgangum og svo er tilvalið að börnin fengju tækifæri til að baka bananabrauð úr bönunum sem eru orðnir "ljótir" og lummur úr afgangum af graut. Uppskriftir eru hér neðar í kennslu leiðbeiningum.

Kennslustund 8

Hérna er opnuð umræða og börnin fengin til að segja frá hvað þau hafa verið að gera heima og í leikskólanum í sambandi við matarsóun. Er flokkað heima? Er tunna til að flokka rusl? Er moltukassi? Þekktu þau moltukassa áður en leikskólinn sýndi þeim hvernig hann er notaður?

Hér væri tilvalið að koma með flokkunartunnurnar sem eru á leikskólanum og leyfa þeim að taka upp úr þeim (passa að það sé ekki subbulegt rusl ofan í) og raða aftur ofan í til að gera þeim grein fyrir hverskonar pappír má fara þarna ofan í, ekki bara afganga blöð heldur líka mjólkurfurnur, dagblöð og fleira.

Kennslustund 9

Í dag er farið í vettvangsferð í verslun og spurt hvort verslunin hendi t.d. ávöxtum og grænmeti og eins hvort vörur í beygluðum og krumpuðum umbúðum endi í ruslinu. Krakkarnir spyrja hvort þau megi eiga útrunnar þurrvörur, brauð og ljóta ávexti og grænmeti. Gott er fyrir börnin að sjá að matarsóun á sér stað allstaðar ekki bara heima og í leikskólanum.

Kennslustund 10

Síðasti tíminn, umræður. Hvað hafa börnin verið að gera í þessum kennslustundum í skólanum og hvað heima hjá sér? Klára verkefnið og skoða hversu mikil áhrif verkefnið hefur haft á matarsóun í skólanum og heima. Bera saman hversu mikið af mat var hent við upphaf verkefnisins og við lok þess.

Rifja síðan upp með börnunum hvað þau hafa verið að gera til að minnka matarsóun.

Allan tímann á meðan á verkefninu stendur eru börnin að fylla inn í súluritið, vigta matinn sem er afgangs og ígrunda hvers vegna við leyfum mat og hendum honum.

Samantekt - Ígrundun

Hópurinn fékk mjög góða umsögn frá leikskóla á Húsavík og gátum við notfært okkur ýmislegt þar m.a. tengdum betur námsefnið við Aðalnámskrá, gerðum súluritin myndrænni o.fl.

Með þessari kennsluáætlun fá börnin hugmynd um hvað kolefnisjöfnun er og hvernig minnkun á matarsóun hjálpar til við að vernda umhverfið okkar. Nemendur fá að vita hvernig súrefni verður til með trjám og þau læra um moltun og nýtingu matar sem er ekki borðaður. Þau fá að velta fyrir sér hvers vegna okkur finnst sumt grænmeti og ávextir vera ljótt og af hverju búðir vilja ekki selja ljótan mat. Hvort við getum ræktað meira af ávöxtum og grænmeti hér á Íslandi til dæmis í gróðurhúsum frekar en að láta flugvélar eða skip flytja það hingað til okkar og menga í leiðinni loftið okkar. Við vonum einnig að nemendur taki þessa þekkingu með í lífið og planti a.m.k. eitt tré á sinni lífsleið til að hjálpa til við að hreinsa loftið okkar.

Uppskriftir:

Grautarlummur

http://www.breidholtsskoli.is/images/stories/pdf_skjol/heimilisfraedi/kokur/grautarlummu_r.pdf

Hægt er að nota hvort sem er grjónagraut eða hafragraut.

Bananabrauð

<http://grgs.is/2013/11/13/bananabraudid-sem-bornin-elska/>

Annað til leiðbeiningar fyrir kennara:

<https://www.akureyri.is/skoladeild/frettir/bornin-a-hulduheimum-seli-skoda-matarsoun>

Góð hugmynd þarna með að láta börnin vigta mat sem var hent og ræða þannig um matarsóun, opnar fyrir umræðu um hvernig er hægt að minnka matarsóun

<http://graenfaninn.landvernd.is/Verkefnakista/aldurstig/1>

Hérna eru grænfána verkefni sem tengjast matarsóun

<http://www.matarsoun.is/default.aspx?pageid=26d48a16-0248-11e6-b096-00505695691b>

Upplýsingar um matarsóun, gott að hafa svona á hreinu

Hægt er að styðjast við eftirfarandi:

<https://www.youtube.com/watch?v=ApX9op-GpCg> Matarsóun, Helga Braga

<https://www.youtube.com/watch?v=GEiNFSSwI5M> Matarsóun, mengunarvaldur

<https://www.youtube.com/watch?v=zKASAZGluu0> Just eat it, trailer um fegurðar skilyrði
matar


https://www.youtube.com/watch?v=_gLpxzDwns Ljótur matur

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6628> Hvað þarf að gróðursetja mörg tré til að
vinna gegn koltvíoxíðsmengun eins bíls?

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=54466> Geta kolefnisjafnaðir bílar verið grænir og
hvað er eiginlega Kolviður?

<https://www.ust.is/einstaklingar/loftslagsbreytingar/hvad-get-eg-gert/af-hverju/> Af hverju.
Lofthjúpurinn er eins og gróðurhús.


Myndir:



CO₂ er koltvíoxíð sem er mengunin í andrúmsloftinu. Tréð tekur það og breytir því í O₂ sem er súrefni sem við öndum að okkur. Tréð tekur líka sólargeislana og vatnið úr jörðinni (H₂O) og skilar því út í andrúmsloftið.



Laufið sýnir okkur eins og tréð að það hreinsar koltvísýringu úr andrúmsloftinu og breytir því í súrefni sem við öndum að okkur



Ég bý til súrefni, hvað gerir þú? Plantar þú kanski trjám til að hreinsa loftið?



Stór moltukassi með þremur hólfum. Hægt er að safna í fyrsta hólfið og fylla það upp og svo er það látið vera þegar það er orðið fullt og næstu hólfi taka svo við.



Lítill moltukassi með hólfi að framan til að losa tilbúna moltu.

Heimildarskrá

Matarsóun. (e.d.) Almenn umfjöllun. Sótt af

<http://www.matarsoun.is/default.aspx?pageid=26d48a16-0248-11e6-b096-00505695691b#almenn-umfjollun>

Menntamálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt af

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>